


MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

SAMSUNG

Listamaðurinn



Allt það góða sem lífið hefur upp á að bjóða!

Samsung GALAXY Note

- Taktu niður nótur eða rissaðu skissur með "S Pen" pennanum
- Risastór skjár með HD upplausn
- Fjöldi teikniforrita sem eru sérhönnuð fyrir þennan síma
- Deildu teikningum með mms, email, á samfélagsmiðlum eða einfaldlega prentaðu þær út!



Símar fyrir alla frá Samsung. Söluaðilar um land allt

Kötturinn blótaði sjálfum sér þegar hann var kominn hálf leið út í mýri og fattaði að hann hafði gleymt stýrinu.

JÓI ÚR FRIENDS OG SIMMI Í KAST-
LJÓSINU ERU ALLTAF HRESSIR



hvEr Mun sigra?

Á morgun hefst Evrópumeistaramótið í knattspyrnu og sem fyrr ætla hamborgaramennirnir geðþekku, **Simmi** og **Jói**, að veðja sín á milli um sigurvegara mótsins og þarf sá sem tapar að taka út sína refsingu.

Eins og flestir fótboltaunnendur vita hefst Evrópumeistaramótið í knattspyrnu á morgun þegar annað gestgjafaliðið, Pólland, mætir Grikklandi í opunarleiknum. Margir auka áhuga sinn á keppninni með því að giska á frammiðstöðu liðanna og leggja jafnvel eitthvað undir í góðra vina hópi. Nú þegar hefur það komist í fréttir að fótboltakempurnar Sigurvin Ólafsson og Guðmundur Benediktsson halda úti ansi stóru veðmáli þar sem verðlaunin eru afar há sökum fjölda þátttakenda. Sigmar Vilhjálmsson og Jóhannes Ásbjörnsson, Simmi og Jói, eru þó með veðmál sem er eilítið minna í sniðum því þeir hafa í mörg ár veðjað sín á milli þegar kemur að

Evrópumeistaramóti. „Þetta er hið árlega veðmál okkar í Evrópumeistaramóti í fótbolta sem við getum í raun aldrei haldið hátiðlega nema á fjögurra ára fresti,“ segir Simmi. „Við veðjum á hverju ári en það virkjast ekki nema á fjögurra ára fresti.“

Sá sem tapar syngur

Reglurnar hjá þeim félögum eru afar einfaldar. Það lið sem stendur sig betur í móti er sigurvegari í þeirra veðmáli og þarf sá sem lýtur í lægra haldi að taka út ákveðna refsingu. „Sá sem tapar í ár þarf að syngja tvö lög í karaóki í glerskalanum í Höfðatorgi á háannatíma í júlí,“ segir Simmi. „Ástæðan fyrir því að taparinn þarf að syngja tvö

lög er sú að það er svo óþægilegt að taka seinna lagið. Brandarinn er búinn eftir fyrsta lagið og hitt lagið er bara vont. Það er bara hallærislegt og skrytið,“ bætir Jói við. Auk söngsins þarf sá sem tapar að bera höfuðfat sem hinn velur. „Ástæðan fyrir því að ég er krúnurakaður er einmitt svona EM-veðmál. Ég tapaði fyrir átta árum og hef verið krúnurakaður síðan. Annars væri ég alltaf með sitt há,“ segir hinn hárrúði Jói.

Síðast tapaði Simmi

Simmi veðjar á að Þjóðverjar sigri þetta árið en Jói heldur með Spánverjunum. „Jói er mjög klisjukennður og þorir ekki að taka áhættu svo það kemur mér

ekki á óvart að hann veðji á Spánverjana,“ segir Simmi sem vonast eftir betri úrslitum í ár en fyrir fjórum árum en þá spáði hann Portúgölum sigri en Jói tippaði á Þjóðverja. „Portúgalar dattu út á móti Þjóðverjum. Þjóðverjar unnu reyndar ekki mótið en ég fór í Hvalfjörð að syngja,“ rifjar Simmi upp en þá þurfti hann að syngja á ættarmóti hjá mági Jóa. „Hann söng Living on a Prayer og Your Song með Elton John,“ segir Jói. „Ég ætla að syngja þau aftur ef ég tapa,“ segir Simmi.

Leikirnir verða sýndir á skjá á Fabrikkunni. „Áhugamenn um fótbolta með íslenski tónlist undir eiga að drífa sig á Fabrikkunna,“ grínast félagarnir að lokum. j/rj

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...

Á NETINU

Vefþáttaröðin Út úr skápnum á mbl.is naut mikilla vinsælda fyrr á árinu en þættirnir tóku á upplifun samkynhneigðra Íslendinga á því að koma út úr skápnum. Á miðvikudaginn verður frumsýnd ný þáttaröð, sem jafnframt er sjálfstætt framhald af Út úr skápnum, og ber nafnið **Trans**.



KÓTELETTAN

UM HELGINA

Bæjarhátíðin **Kótelettan** fer fram á Selfossi um helgina en segja má að hátíðin sé tónlistar-, fjölskyldu- og grillhátíð, allt í senn.

Dagskrá hátíðarinnar hefst á föstudagskvöldinu þegar tónlistarhátíðin fer af stað og heldur fjórið áfram fram á sunnudagseftirmiðdegum. Á meðal tónlistarmanna sem troða upp á tónleikahátíðinni eru Páll Óskar, Sálin, Bó, Ingó og Veðurguðirnir, Friðrik Dór, Retro Stefson, Blár Ópal ásamt fleirum.

BOLTANUM

Líkt og alþjóðveit hefst EM 2012 í knattspyrnu karla á morgun. Mótið fer fram í Póllandi og Úkraínu að þessu sinni og verður þar eflaust margt um dýrðir. Monitor mælir með því að lesendur blaðsins **velji sér lið til að styðja í gegnum súrt og sætt** og taki jafnvel Simma og Jóa sér til fyrirmyndar og búi til settleg veðmál við vini sína.



Vikan á facebook



Selma Björns

Líður alltaf eins og lítilli fimm ára stelpu þegar fólk segir enn þann dag í dag við mann : " þú ert dugleg" :). Segir maður það bara ekki þegar maður lærir að reima skóna sína og svoleiðis :). Mér finnst amk fyndið að vera "dugleg" kona á fertugs aldri.

5. júní kl. 12:53



Halldór Halldórsson

Lénið hverjirvoruhvar.tumblr.com - síðan og allt hennar innihald er til sölu. Kaupverð - 4000 krónur.

4. júní kl. 17:01



Logi Pedro Stefánsson

Ég dansaði of mikið þegar ég var að dj-a á Píkinu. Er kominn með harðsperru og aumar lappir. Alltof gaman.

3. júní kl. 5:37



Snorri Baron

Útilega ON. Ætla að reyna að forðast það að rota einhvern í þetta skiptið. Til að varna því þá mælist ég til þess að fullir unglingar, menn sem kunna ekki á gítar, menn sem kunna á gítar en kunna ekki að stilla hann, fólk sem syngur falskt, fólk sem hrýtur, fólk sem smjattar og svo allir hinir sem mögulega gætu farið í taugarnar á mér fari einhvert annað en á Laugavatn í dag.

2. júní kl. 9:24

FEITAST I BLAÐINU

4 **Húðflúraðir** tónlistarmenn spila á húðflúr-hátíð á Bar 11 um helgina.



6 **Jóhanna, Edda, Rakel og Rebekka** koma sjá og kaupa á nýrri blogg síðu sinni.



8 **Þorbjörg Roach**, dóttir Papa Roach eldur aftur af stráka-flippinu í Retro Stefson.



13 **Svart-höfði** tók saman fimm bestu forleikina í kvikmyndasögunni.



Efst í huga Monitor Viltu tryggjó?

Ég er ekki háður víni, tóbaki eða vívímuefnum en ég held oft og tíðum að ég sé háður tyggjó. Yfirleitt þegar ég kem frá útlöndum þá gríp ég með mér karton af Extra-tyggjó svo ég lumi alveg örugglega á nokkrum pökum í skápnum heima. Tyggjópakki er meira að segja einn af þeim fimm hlutum sem ég verð að taka með mér að heiman. Nauðsynjalistinn samanstendur sumsé af síma, veski, húslyklum, bíllyklum og tyggjópakka.

Mér finnst afskaplega notalegt að vera með tyggjó í munninum, það hefur eins konar róandi áhrif á mig og heldur mér nokkuð ferskum í kjaftinum. Ef ég er einhverra hluta vegna ekki með tyggjó á mér þá á ég það til að líða illa yfir því að geta ekki fengið mér eitt stykki jórturleður, sérstaklega eftir að hef fengið mér einhverja ljúffenga máltíð. Þá finnst mér stundum eins og allt sé ómögulegt, ég sé með eitthvað í tönnum og sé bara yfirhöfuð andfúll. Þegar það gerist þá þorir ég varla að tala við fólk öðruvísi en að halda fyrir munninn á mér eða snúa mér í aðra átt.



En ef svo óheppilega vill til að þú talir einhvern tím-ann við mig þegar ég er andfúll þá þætti mér vænt um ef þú myndir bara segja mér það á vingjarnlegu nóttunum. Þá myndi ég reyna að gera eitthvað í því þar sem mér þætti afar lítið lán í því að hafa andremmu í farteskinu það sem eftir lifir dags. En ég skil samt ef þér þætti það óþægilegt því mér finnst það oft og tíðum líka. Maður lendir auðvitað í því að tala við einhvern sem er ekki alveg í stuði í munninum og þá langar mann oft að segja það við viðkomandi en maður bara nær ekki að safna kjarki. En þá fer ég stundum lúmsku leiðina. Ég tek upp tyggjópakkann minn góða og fæ mér eitt stykki. Svo um það bil sem ég er að setja pakkann í vasann læt ég sem ég muni skyndilega eftir því að vera kurteis, þannig að í rólegheitum rétti ég pakkann að viðmælandanum og spyr: „Það má þó ekki bjóða þér tyggjó?“

Ferskar kveðjur,
Jón Ragnar

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Umbrot: Monitorstaðir

Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) Forsíða: Stýrmir Kári (stymirkar@mbl.is)

Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569 1136

ÖLL TÍU TATTÚIN HANS
KÁRA TENGJAST TÓNLIST



**BRETAR MEÐ
LJÓTUSTU
TATTÚIN**

Nafn: Kári Árnason.
Fyrstu sex: 090688.
Hljómsveit: Dusty Miller.
Flottasti húðflúraði einstaklingur heims: Jeff Howard, bassaleikari í The Used.
Hvað ert þú með mörg húðflúr? Tíu.
Hvenær fékkstu fyrsta húðflúrið og hvar er það? Árið 2006, þegar ég var átján ára. Tattúíð samanstendur af svigunum á Svigaplötu með Sigur Rós, sinn hvor sviginn er aftan á sínum hvorum upphandleggnum.
Hvað tákna húðflúrín þín? Þau tákna ekkert sérstakt, þetta eru aðallega bara einhverjar tengingar við tónlist eða tónlistarmenn sem ég fíla.
Hvort myndir þú frekar fá þér dræsustimpil á mjóbackið eða akkeri á upphandlegginn? Það er eiginlega ekkert pláss eftir fyrir akkeri á upphandleggnum svo ég yrði að taka dræsustimpilinn.
Hvert er ljótasta húðflúr sem þú hefur séð? Örugglega eitthvað af þeim sem ég sá á öllum Bretunum úti á Kanarí. Það var alltaf hægt að þekkja þá á einhverjum ljótum Liverpool-tattúum eða einhverju álíka.
Hvaða vörumerki værir þú til í að láta húðflúra á ennið þitt fyrir 100 milljónir króna? Hraðfréttalógið.

Mýnd/Sigurðeir

THE ICELANDIC TATTOO CONVENTION

Hvenær? 7.-9. júní.
Hvar? Í portinu bak við Bar 11, Hverfisgötu.
Hvað er að gerast? Hátíðina sækja fjölmargir húðflúrarar frá Íslandi sem og að utan auk þess sem þarna er að finna þétta tónleikadagskrá og bíla- og mótórhjólasyningu, sem fram fer í bílastæðahúsinu við Hverfisgötu.
Hverjir spila? Sykur, Samaris, Retrobot, Sólstafir, Endless Dark, Foreign Monkeys, Dusty Miller og Texas Muffins.

Töffarar í húð og háir

Húðflúrhátíðin **The Icelandic Tattoo Convention 2012** hefst í dag og af því tilefni tók **Monitor** þrjá húðflúraða tónlistarmenn sem troða upp á hátíðinni tali.



Komdu í Vodafone 250 og lækkaðu símreikninginn

250 MIN	250 SMS	100 MB
------------	------------	-----------

2.980 kr. á mánuði

Vodafone 250 – vinsælasta farsímaáskriftin*

Þú borgar aðeins 2.980 krónur á mánuði og færð 250 mínútur, 250 sms og 100 MB gagnamagn. **Virði pakkans er allt að 9.000 krónum.** Fáðu þér áskrift og breyttu þér úr snjallsímaeiganda í snjallsímanotanda.

Þín ánægja er okkar markmið

*há Vodafone, sjá vodafone.is

ER KRISTJÁN Í RAUN DRÁPARI OG VINUR VOLDEMORT?

TILBÚINN Í MCDONALDS-LÓGÓIÐ

Nafn: Kristján Pálmi Ásmundsson.
Fyrstu sex: 030592.
Hljómsveit: RetRoBot
Flottasti húðflúraði einstaklingur heims: Brent Hinds.
Hvað ert þú með mörg húðflúr? Eitt eins og er en ég stefni á að fjölga þeim.
Hvenær fékkstu þér húðflúrið og hvar er það? Í september 2009 og það er á innanverðum vinstri framhandlegg.
Hvað tákna húðflúrin þín? Ég var búinn að ákveða að fá mér tattú en vantaði einhverja góða hugmynd. Ég hef alltaf verið mikill Harry Potter-aðdáandi og þá mundi ég eftir eina tattúinu sem er í bókunum og stökk á það. Þetta er sem sagt eitthvað sem tengir mig dálítið við rætur mínar.
Hvort myndir þú frekar fá þér dræsustimpil á mjóbakið eða akkeri á upphandlegginn? Akkeri á upphandlegg, ég er jafnvel að pæla í að fá mér bara svoleiðis.
Hvert er ljótasta húðflúr sem þú hefur séð? Ég hef séð fáránlega mörg ljót húðflúr, til dæmis öll „tribal-tattú“ sem ég hef séð, ég næ þeim ekki. Svo veit ég um mann sem er með traktorlógó á sér.
Hvaða vörumerki værir þú til í að láta húðflúra á ennið þitt fyrir 100 milljónir króna? McDonalds-lógóið, það er svolítið kúl.



TEIKNAR ÖLL SIN HUÐFLUR SJÁLFUR

Nafn: Kristján Eldjárn Hjörleifsson.
Fyrstu sex: 180889.
Hljómsveit: Sykur.
 Flottasti húðflúraði einstaklingur heims: Liam 666 á East River Tattoo í Brooklyn, New York.
Hvað ert þú með mörg húðflúr? Þrjú stykki.
 Hvenær fékkstu fyrsta húðflúrið og hvar er það? Mánudaginn eftir að ég varð átján ára, á ör sem ég er með á síðunni.
Hvað tákna húðflúrin þín? Þau tákna ekkert sérstakt, ég teiknaði þau hins vegar öll sjálfur.
 Hvort myndir þú frekar fá þér dræsustimpil á mjóbakið eða akkeri á upphandlegginn? Ég tæki klárlega akkerið, það er töff.
Hvert er ljótasta húðflúr sem þú hefur séð? Ég hitti einu sinni gæja á bar úti í Bretlandi sem hafði látið skrifa LOVE á annan hnúann á sér og HATE á hinn. Síðan lenti hann í því að missa litla putta í vinnuslysi þannig að þegar ég hitti hann stóð LOVE og HAT, sem eru tvö mest „random“ orð sem hægt er að setja saman.
Hvaða vörumerki værir þú til í að láta húðflúra á ennið þitt fyrir 100 milljónir króna? Lógó íslenskra grænmetisbænda, fánaröndin er smekklek og íslenskir tómatabændur eru snilld.



RENNILÁSAHUÐFLÚRIÐ ER Í SÉRLEGU UPPÁHALDI MONITOR

MyndEggert



HVITA HÚSID/SÍA

HTC ONE X
 Gefðu gítarhetjuni lausan tauminn með My Guitar appinu



ALLAR HAFNA ÞÆR MIKINN ÁHUGA Á FÖRDUN OG SKRIFA ÞÆR TÍTT UM HANA Á SÍÐUNNI

FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM



Sundföt

frá SPEEDO í miklu úrvali fyrir alla aldurshópa

Sundbolir



Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð: frá 4.990 kr.

Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.

Allt að 60%

Sundskýlur



Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.

Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð: 2.990 kr.

Allt að 40%

Bikíní



Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: frá 1.990 kr.



Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.

Allt að 75%

Watershorts



Herrastærðir
Verð: 6.990 - 9.990 kr.
Outlet-verð: 3.990 kr.



Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð: 2.990 kr.

Allt að 55%

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6 | 103 Reykjavík

Opið:

Virka daga kl. 11-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17

REBEKKA RUT

Aldur: 20
Staða: Viðskiptafræðinemi er að fara á annað ár í HR.



stíllinn

Lisa Hafliðadóttir
lisa@monitor.is

JÓHANNA

Aldur: 20
Staða: Laganemi sem er að fara á annað ár í HR.

EDDA

Aldur: 20
Staða: Verslunarstjóri GS í Smáralind.



RAKEL MATTHEA

Aldur: 20
Staða: Föðunarfræðingur og starfsmaður í Gallerí Sautján Smáralind.

Komu, sáu, keyptu

Vinkonurnar **Jóhanna, Edda, Rakel** og **Rebekka** stofnuðu nýlega bloggsíðuna www.venividivisa.net en þar deila þær sínum helstu áhugamálum með lesendum. **Stíllinn** tók tal af stelpunum og spurði þær út í síðuna, hverju lesendur mega búast við í sumar og hvað sé framundan hjá þeim.

Hverjir standa bak við bloggsíðuna www.venividivisa.net?

Edda Ingadóttir, Jóhanna Edwald, Rakel Matthea Dofradóttir og Rebekka Rut Gunnarsdóttir en við kynntumst allar í Verzló og höfum verið góðar vinkonur síðan.

Hvað varð til þess að þið ákváðuð að stofna síðuna?

Jóhönnu datt í hug að það gæti verið skemmtilegt að opna bloggsíðu og áttaði sig svo á því að það væri miklu skemmtilegra að gera það með vinkonum sínum og að það myndi bjóða upp á miklu meira efni. Þess vegna talaði hún strax við Rakeli og Eddu og þar með var það ákveðið. Við vildum allar eiga stað til þess að deila áhugmálum okkar með hverjum sem vildi lesa.

Hvað skrifað þið helst um?

Þar sem Rakel og Edda vinna báðar í tiskuvörverslunum þá kemur stíllinn við sögu á blogginu en þegar við stelpurnar eignumst eitthvað nýtt minnumst við oftast á það eða setjum saman outfit og höfum gaman af. Rakel er föðunarfræðingur, og Edda og Jóhanna hafa komið mikli að fördun. Við erum allar makeup-fíklar svo það er stór partur af því sem við skrifum um. Allir þurfa jú að borða og sá matur sem myndast vel ratar inn á síðuna en skemmtilegast finnst okkur þó að búa eitthvað til og gera DIY-blogg. Annars er ekkert á milli himins og jarðar á bannlista og því er von á öllu!

Hvert sæki þið innblástur?

Allar elskum við að taka hinn daglega bloggrúnt en fjölbreytin og framboðið er endalaust og uppspretta hugmynda og innblásturs verður því mikil. Þegar við komumst yfir tímarit dregjum við þau í okkur en þau eru sjaldgæfur munaður. Annars er fólkíð í kringum okkur, bæði í lífinu og sjónvarpsáttum, miklir áhrifavaldar þó það sé aðallega ómeðvitað.

Hvaðan kemur nafnið?

Okkur datt í hug misgóðar hugmyndir þegar finna átti nafn á síðuna og flestar hrikalegar, eins og t.d. glitterlipstick en nafnið kom að lokum frá ólíklegasta stað, hagfræðibókinni hennar Rebekku. Frasin "Veni, vidi, visa" þýðir okkar huga "ég kom, sá og keypti", en það lýsir okkur þremur einstaklega vel og vorum við strax hrifnar af því. Þó meiningin sé ekki augljós erum við ánægðar með valið og okkur finnst gaman að segja nafnið.

Hefur hver ykkar sitt hlutverk á síðunni?

Edda, Jóhanna og Rakel sjá um að blogga en Rebekka sér um annan rekstur á síðunni, t.d. tæknilegu og



viðskiptalegu hliðina. Við höfum allar lík áhugamál en kannski með svoltið mismunandi áherslum en það gerir bloggin eins fjölbreytt og raun ber vitni. Við reukum svo allar hver á eftir annarri en við viljum alltaf að lesendur fái eitthvað nýtt að skoða.

Ætli þið að fara eitthvað lengra með síðuna?

Við ætlum að byrja á því að halda áfram að vera duglegar að blogga en erum mjög spenntar fyrir möguleikum á netinu því þeir eru endalausir. Ef við sjáum tækifæri munum við láta Veni Vidi Visa nýta þá.

Hvað er framundan hjá ykkur?

Í sumar verður Edda á Íslandi að sinna verslunarstjórnun sinni en Jóhanna, Rakel og Rebekka munu búa í Kaupmannahöfn og því verður bloggið fjölbreytt í sumar. Við ætlum að reyna að njóta

Kaupmannahafnar til fulls og segja lesendum frá öllu því sem á daga okkar drífur.

Hvað verður heitasta trendið í sumar að ykkar mati?

(Bæði í fördum, skarti, fötum og því sem ykkur dettur í hug) Neon, pastel og metallic í öllum deildum, fördun, skarti og fötum! Við tökum þessum trendum fagnandi þar sem við elskum liti. Það er svo sniðugt upp á haustið að kaupa grunnfataskápinn í hlutlausum litum en láta brjáláða liti í fylgihlutum og makeupi setja sumarsvip á dressið. Á venividivisa.net er hægt að sjá þá hluti sem við veljum okkur og hvað okkur finnst peninga okkar virði.

Hverju geta lesendur búist við í sumar?

Fjölbreyttum, skemmtilegum og sumarlegum bloggum. Eitthvað nýtt á hverjum degi!



ROKKAD OG FLOTT GALLAVESTI



SKARTGRIPIR OG FYLGIHLUTIR

Morrissey og James Dean alltaf svalir

Hörður Freyr Harðarson er nýútskrifaður hárgreiðslumaður sem starfar nú á hárgreiðslustofunni *Hár Saga*. Hörður hefur mikinn áhuga á tísku og fékk stíllinn hann í heimsókn þessa vikuna.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum? Ég á mér ekki einn fastan stíl, ég er alltaf að breyta til. Ég er frekar afslappaður og ég klæði mig bara eftir því hvernig mér líður hverju sinni.

Breytist stíllinn þinn eitthvað þegar líða fer á sumarið? Já, ég byrja að ganga í fleiri litum.

Átt þú þér fyrirmynd í tískuheiminum? Nei, ég á mér ekki neina sérstaka tískufyrirmynd, frekar bara vel klætt fólk sem ég sé í daglegu lífi.

Hver er best klæddi karlmaður í heimi? Morrissey er alltaf svalur og James Dean heitinn.

Hvað er ómissandi fyrir stráka að eiga í fata-skápnum fyrir sumarið? Buxur í einhverjum skemmtilegum sumarlit og einhverja léttu flotta yfirhöfn. Svo gæti ég ekki verið án gallavestisins í sumar.

Hver hafa verið þín verstu tískumistökk? Úff ... það er vandræðalegt. Ég verð að segja að það hafi verið þegar ég setti gat í eyrun og skellti einnig gati í augabrúnina á unglingsárnum.

Hvar kaupir þú helst fötin þín? Ég er vandræðalega mikið í Kolaportinu og á margar gersamar þaðan en annars eru það bara þessar fáu búðir sem strákum býðst upp á hér á Íslandi. Ég versla aðallega í Dr. Denim Jeansmaker, Gallerí 17 og Zara.

Hvað ætlar þú að gera í sumar? Ég ætla að vinna mikið og ferðast innan lands með góðra vina hópi inn á milli.



SUMARDRESSIÐ
PEYSA: JACK & JONES
BUXUR: ZARA
SKÓR: SAMSOE & SAMSOE



ÚT Á LÍFIÐ
SKYRТА: GALLERÍ 17 (MAO)
BUXUR: VERA MODA
SKÓR: CONVERSE



SPARI
SKYRТА: DRESSMAN
BUXUR: TOPSHOP
SLAUFA: GALLERÍ 17
SKÓR: KULTUR MEN



HVERSDAGS
BOLUR: H&M
VESTI: LEVI'S
BUXUR: H&M
SKÓR: DR. MARTENS
ÚR: CASIO

Myndir/Styrmir

ASAD
THE ACADEMY OF THE SCIENCE OF ACTING AND DIRECTING LONDON
Auditions in Reykjavik
16 Júní 2012
Apply now!
Limited places available

www.scienceofacting.com
+44 (0) 20 72720027

Finances available through **LÍN**

TEEN WOLF

NETFRELSI FYLGIR MEÐ ÁSKRIFT AÐ SKJÁEINUM

YFIRNÁTTÚRULEG SPENNA

á laugardagskvöldum kl. 21:40 á SkjáEinum!
Tryggðu þér áskrift í síma 595 6000

SKJÁREINN

Dóttir *Papa Roach*

Þorbjörg Roach Gunnarsdóttir gegnir tveimur aðalhlutverkum í **Retro Stefson**. Að rokka á hljómborði og halda aftur af strákafloppinu. Hún sagði **Monitor** frá framtíðarpælingum, fræknum ferðum bandsins á erlendar tónleikahátíðir og söguna á bak við nafnið Roach.

Airwaves 2006 áttum við að spila á gamla Grand Rokk og mættum þangað alveg galvösk en þá ætlaði dyravörðurinn ekki einu sinni að hleypa okkur inn, enda vorum við öll pínulítill og Logi var ekki einu sinni kominn í mútur. Dyraverðinum var alveg sama þótt við segðumst vera að fara að spila og það þurfti meira að segja að hringja í Egil sem sá um hátíðina og þetta varð alveg smávesen,“ segir Þorbjörg Roach Gunnarsdóttir, hljómborðsleikari Retro Stefson, þegar hún er beðin um að rifja upp fyrsta gigg hljómsveitarinnar á skemmtistað niðri í bæ. Frá 2006 hefur mikið vatn runnið til sjávar hjá hljómsveitinni, þar á meðal tvær útkomnar breiðskífur, fimm Airwaves-hátíðir til viðbótar, plötusamningur við Universal og spilamennska á meginlandi Evrópu, svo eitthvað sé nefnt.

Texti: Einar Lövdahl
Myndir: Styrmir Kári Erwinsson

einar@monitor.is
stymirkari@mbli.is

Þorbjörg og félagar hafa í nógu að snúast í sumar hvað varðar tónleikastand auk þess sem þeirra þriðja breiðskífa kemur út í ágúst. Handan við hornið eru tónleikar á Faktory á laugardagskvöld sem og spilamennska á Kótelettunni fyrr um daginn á Selfossi.

Blaðamaður settist niður með þessari högværu rokkstjórn og yfirheyrði hana um lífið í Berlín, hlutverk hennar sem eina stelpu í hljómsveitinni, uppruna Roach-nafnsins og hver í ósköpunum textinn við viðlagið í laginu Qween er í raun og veru.

Hljómsveitin Retro Stefson varð til fyrir sex árum þegar þú varst í 10. bekk Austurbæjarskóla. Ert þú orðin þreytt á því að vera alltaf spurð út í það hvernig það sé að vera eina stelpu í Retro Stefson?

Kannski þínku, þótt mér finnst allt í lagi að fólk spyrji mig að því. Málið er að ég veit eiginlega ekki alveg hvert svarið við spurningunni er. Oftast er það bara frekar venjulegt þótt stundum geti það verið geðveikt skemmtilegt og stundum erfitt.

Stundum verður það alveg þínku einmanalegt að vera eina stelpu, það væri náttúrulega alveg næs að hafa stundum einhverja til að hafa sig til með fyrir tónleika og spjalla við og svona. Til dæmis getur það verið erfitt og leiðinlegt fyrir alla aðila þegar við erum öll saman í útlöndum og erum að kaupa fót, af því að ég á það til að vera aðeins lengur en strákarnir og þeir verða pirraðir á að þurfa að bíða eftir mér, jafnvel þótt það sé ekki nema í fimm mínútur. Ég viðurkenni samt alveg að stundum get ég verið dálítið lengi.

Mér skilst að þú eigir þrjá eldri bræður en enga systur, ert þú kannski alvön þessu?

Já, eiginlega. Ég er vön því að vera eina stelpu og eins og þú segir er ég yngst í systkinahópnum og það er kannski ástæðan fyrir að ég er frekar róleg og læt kannski ekki mikið fyrir mér fara. Ég hef alltaf gert dálítið af því að hanga með bræðrum mínum og vinum þeirra og svo er meira af strákum heldur en stelpum í stórfjölskyldunni þannig að það má algjörlega segja að ég sé vön þessu og mér finnst það bara gaman.

Kemur það þá fyrir að þú þurfir meðvitað að kúpla þig alveg frá öllum þessum strákahópum og gefa þér tíma til þess að fletta tískublöðum, horfa á Gossip Girl og gera „stelpulega hluti“?

Nei, ekki endilega (hlær). Ég skoða til dæmis aldrei tískublöð og er ekki það mikil stelpa í þeim efnum. Það getur auðvitað verið fint að vera ein að „chilla“ þegar maður verður þreyttur á strákunum en annars er það yfirleitt bara óþarfi og leiðinlegra að vera ein. Svo finnst mér reyndar Gossip Girl snilldarþættir.

Í upphafi síðasta árs lönduðuð þið samningi við útgáfu-fyrirtækið Universal, gáfuð plötuna ykkar út í Evrópu og bjugguð í kjölfarið úti í Berlín í hálf á. Á þeim tíma voruð þið idin við að spila úti auk þess sem þið tróðuð til dæmis upp á South by Southwest í vor. Hvernig kannst þú við að spila á erlendri grundu?

Mér finnst það ótrúlega gaman, það er svo mikil tilbreyting frá því að spila heima og þá spilar auðvitað inn í að við erum búin að vera að spila svo ótrúlega mikið hérna heima undanfarin ár. Þegar maður spilar svona oft fer maður að taka eftir því að maður er dálítið oft að spila fyrir framan sama fólkið og smám saman verður það auðvitað ekki alveg jafn spennandi, fyrir alla

aðila. Í útlöndum er svo geðveikt að spila fyrir fólk sem hefur kannski aldrei heyrt tónlistina okkar og fá viðbrögð frá því. Núna þegar við spilum heima erum við oft að spila meira á einhverjum böllum eða skemmtunum seint um kvöld þar sem þetta gengur helst út á halda uppi stuði svo fólk geti dansað, sem er auðvitað líka mjög skemmtilegt. Úti finn ég fyrir því að fólk sé að hlusta á tónlistina okkar og meðtaka, þar er meiri tónleikastemning. Þar er líka fjölbreyttari aldursþópur sem sækir tónleikana okkar, sem mér finnst skemmtilegt.

Hvernig var að búa í Berlín?

Það er mjög gott, Berlín er mjög næs borg. Þegar ég fór þangað fyrst hélt ég reyndar að borgin væri stærr og hættulegri en í raun og veru, ég var til dæmis dálítið vör um mig sem þegar ég var ein að labba úti á kvöldin og svona en þvert á móti finnst mér hún svo ótrúlega örugg og róleg. Borgin er falleg, þar er mikið af fallegum gördum og vötnum, sem voru ósjaldan nýtt til að stinga sér til sunds og kæla sig á góðviðrisdögum, fullt af mörkuðum og flottum „second hand“-búðum og hellingur að gerast. Það er líka ódýrt að búa þarna og síðan

er svo fánánlega gott veður þarna líka á sumrin.

ÞORBJÖRG Á 30 SEKÚNDUM

Fyrstu sex: 200390.

Uppáhaldsmatur: Þessa dagana myndi ég segja bara allt grillkjöt.

Uppáhaldsstaður í heiminum: Þeir eru svo margir. En fjölskyldan mín á pínulítinn, fallegan kofa rétt hjá Húsafelli þar sem það er ekkert rafmagn, ekkert klósett eða neitt svoleiðis. Húsið heitir Hraunkot og þar er alveg yndislegt að vera.

Uppáhaldstónlistarmaður: David Bowie.

Lag í upphaldi þessa dagana: In Decay með hljómsveitinni Phèdre.

Æskufyrirmynd: Ég leit að minnsta kosti alltaf mikið upp til eldri bræðra minna þegar ég var lítill, þótt þeir hafi ekki endilega verið bestu fyrirmyndirnar (hlær).



Ég myndi síðan giftast Þórði af því að hann er svo góður í að hekla og gerir svo ægilega góðar marengstertur.

Hvernig bjugguð þið og hvernig gekk sambúðin?

Það var dálítið erfitt að finna íbúð svo fyrstu dagana vorum við bara á hóteli en að lokum fundum við íbúð sem við bjuggum í saman öll sjö. Hún var ekki lítill en hún var heldur ekki stór og við vorum fjögur saman í einu herbergi á dýnum allan tímann, tveir í öðru og svo gisti Logi í einhvers konar skoti í íbúðinni sem var næstum því bara eins og einhver kompa þar sem dýnan komst svona varla fyrir. Þetta var mikil upplifun enda var til dæmis ekkert rafmagn í íbúðinni í fyrstu, svo við þurftum að stela rafmagn frá stiganginum með helling af fjöltengjum og svona. Það var engin eldhúsinnrétting, það eina í eldhúsinu var hraðsuðuketill og örbylgjuofn, en annars þurftum við til dæmis að vaska upp í klósettvaskinum.

Þrátt fyrir þetta allt saman myndi ég segja að sambúðin hafi gengið vel, þótt fólk sé ekki alltaf sammála og verði stundum þreytt hvert á öðru.

Flestir sem þekkja þig hafa orð á því að þú sért frekar róleg týpa. Myndir þú segja að þegar upp koma rifrildi í hljómsveitinni sért þú sú sem reynir að stilla til friðar?

Nei, það hlustar enginn á mig (hlær). Ég reyni það samt oft, ég reyni að vera málamiðlarinn með því að

1990
Fæðist þann 20. mars.

Elst upp á Ingólfsstræti og gengur í Austurbæjarskóla.

2006
Hleypur á rimla-vegg í leikfimi og brýtur á sér nefið.

2007
Spilar á Airwaves fyrir fullum sal í fyrsta sinn.



2008
Fyrsta plata Retro Stefson, Montana, kemur út í október.

2011 Flytur til Berlínar þann 1. apríl. Fram að því hafði hún búið í sama húsi alla ævi. Í júní sama ár tekur hún í höndina á Nick Cave.

2012 Smakkar Hlöllabát í fyrsta skipti í maí.



2012 Þrýðir forsíðu Monitor þann 7. júní.

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Essen, sem er lítil borg í Þýskalandi. Við vorum þar í síðustu viku að spila á hátíðinni Pflingst Open Air.



Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Það var líklega á Nando's. Það er rosalega góður kjúklingastaður sem er að finna úti um allan heim.



Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Það var Date Night með Steve Carrell og Tina Fey. Hún var skemmtileg enda er Steve Carrell í uppáhaldi hjá mér.



Síðasta húsvverk sem ég innti af hendi: Ég hjálpaði mómmu minni við að láta í þvottavél í gærkvöldi, þótt það hafi kannski ekki verið mikil hjálp í mér.



Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Það var líka í gærkvöldi, þegar ég sagði vinkonu minni að mér þætti vænt um hana. Maður er hins vegar ekki nógu duglegur við að segja þetta, að minnsta kosti ekki jafnoft og maður hugsar það.



... og Unnsteinn fékk áhorfendur til að byrja að gera einhver draugahljóð og eitthvað og lenti síðan sjálfur í því að detta ótrúlega harkalega um einhvern mónitor á sviðinu sem var mjög fyndið. Ég náði því meira að segja á myndband, það er á YouTube.



sjá sjónarmið beggja en eins og ég segi, það er ekki oft sem þeir hlusta á mig. Ég er samt kannski dálítið í því hlutverki að róa menn niður og halda aftur af strákunum svo þeir geri ekki eitthvað of klikkað. Ég held að ég veiti kannski smá-mótvægi þegar ég er með þeim, þeir gera ekki endilega allt sem þeir myndu annars gera ef ég væri ekki á staðnum.

Finnur þú fyrir því að það að koma fram með hljómsveit svona reglulega frá því að þú varst sextán hafi haft mikil áhrif á þig?

Það hefur örugglega haft einhver smá-áhrif, ég hef alveg þroskast helling á þessu stússi öllu. Ég var alveg ótrúlega feimin þegar ég var yngri og það hefur alltaf verið að minnka. Ég verð samt ennþá alveg stressuð áður en ég spila á sviði þótt það fari reyndar dálítið eftir tónleikum. Ég verð oft stressuð þegar tónleikarnir eru dálítið mikilvægir, til dæmis á bransahátíð úti, eða kannski ef við erum að spila nýtt lag einhvers staðar. Það getur líka kallað fram stress ef einhver sem ég lít mikið upp til er að fylgjast með okkur á tónleikum.

Hvert er eftirminnlegasta gíggið á flakki ykkar erlendis?

Í maí í fyrra spiluðum við á fyrstu útítonleikahátíðinni okkar og það er rosalega eftirminnlegt. Það var á hátíðinni Immergeut sem er geðveik hátíð skammt frá Berlín og þar var sjúklega mikið af fólki sem söng með og þetta var allt svo geðveikt skemmtilegt. Síðan tókum við uppklappsplag og þá bað Unnsteinn ljósamanninn að slökkva ljósin, sem hann gerði, og Unnsteinn fékk áhorfendur til að byrja að gera einhver draugahljóð og eitthvað og lenti síðan sjálfur í því að detta ótrúlega harkalega um einhvern mónitor á sviðinu sem var mjög fyndið. Ég náði því meira að segja á myndband, það er á YouTube.

Hvað er það fyrsta sem þú gerir þegar þú kemur heim til Íslands eftir svona tónleikaferð?

Það er allavega ekki að taka upp úr töskum, ég bið alltaf mjög lengi með það. Annars er það líklega bara að leggjast upp í sófa, borða nammið sem ég hef keypt mér í friðhöfninni og hringja í vinina. Síðasta sumar hringdi blaðamaður í mig til Berlínar og í viðtalinu spurði hann mig meðal annars út í hvað ég hlakkaði mest til að gera þegar ég kæmi heim til Íslands og þá sagðist ég hlakka til að fara í sund á Íslandi, fá mér Eldsmíðjupítsu og saltstangir með Vogaidýfu, ég veit svo sem ekki alveg af hverju ég nefndi það (hlær). Síðan þegar ég kom heim var mamma mín búin að kaupa birgðir af saltstöngum og vogaidýfu og það var ótrúlega sætt.

Er Retro Stefson vinnan þín eða ert þú í námi eða annarri vinnu með hljómsveitarstarfinu?

Retro Stefson er vinnan mín núna og hefur verið það síðasta rúma árið. Ég kann mjög vel við það og það er mjög gaman en akkúrat núna er ég aðeins byrjuð að finna fyrir því að það getur verið þínu óþægilegt að vera með svona óreglulegan vinnutíma. Við spilum mjög mikið og það er nóg um að vera, sem er skemmtilegt, en bara á svo mismunandi tímum. Það er svo lítil regla í því og ég er þínku farin að sakna þess að vinna bara frá níu til fimm. Það er mest að gera hjá hljómsveitinni um helgar eða seint á kvöldin svo ég missi oft af hlutum sem fólkið í kringum mig er að gera og er síðan sjálf í frí þegar allir aðrir eru í skóla eða vinnu. Ég væri líka alveg til í að geta verið með aðra vinnu með Retro, því þótt ég lifi alveg á þessu þannig séð þá gæti ég alveg átt meiri pening.

Þú byrjaðir að læra á píanó í kringum átta ára aldur. Semur þú þína eigin tónlist? Megum við eiga von á sólóferli með þér í framtíðinni?

Nei, ég hef aldrei prófað að semja lag. Eða jú, ég samdi einu sinni stef við eitt atriði þegar við Ingvi og Unnsteinn í Retro vorum öll að sjá um tónlistina í Skreksatriði Austurbæjarskóla þegar við vorum í 10. bekk. Annars hef ég ekki samið neitt og ég held að það sé eiginlega bara af því að ég þori því ekki en það kemur að því. Ég held að mig vanti að eignast fartölvu og eitthvert gott forrit til að byrja að búa til tónlist. Ef ég yrði mér úti um svoleiðis gæti eitthvað farið að gerast, en ég þori þó ekki að lofa sólóferli því ég myndi örugglega ekki leyfa neinum að heyrta tónlistina, nema kannski mömmu.

Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvað myndir þú fá þér og hvar?

Mig langaði einu sinni ótrúlega að fá mér tattú. Ég ætlaði að fá mér eina litla áttundapartsnótu bak við

Ég hef samt lent í því að fólk haldi að þetta sé eitthvað „Facebook-nafn“ eða eitthvað sem ég bjó til og tengist jónum eða þá kakka-lökkum á einhvern hátt...



eyrað en ég held að það hafi síðan ekkert orðið úr því að af því að ég er svo mikill aumingi. Ég er með rosalega ákvörðunarfærni og fæ mikinn valkvíða svo ég velti þessu mikið fyrir mér og hugsaði: Hvað ef mér á bara eftir að finnast þetta ógeðslegt eftir nokkur ár? Ef ég væri hins vegar tilneydd til að fá mér tattú, þá myndi ég örugglega láta verða af þessu.

Hvaðan kemur nafnið Roach?

Ég er einn fjórði bandarísk. Pabbi pabba míns var Ameríkani, hann bar þetta nafn og pabbi minn ber þetta nafn þar af leiðandi líka, gjarman kallaður Papa Roach. Við systkinin fengum þetta síðan öll sem millinafn. Ég hef samt lent í því að fólk haldi að þetta sé eitthvert „Facebook-nafn“ eða eitthvað sem ég bjó til og tengist jónum eða þá kakka-lökkum á einhvern hátt (hlær).

Ef þú yrðir að giftast einum strákanna í Retro Stefson og ættleiða annan, hverjir yrðu fyrir valinu?

Ég hugsa að ég myndi ættleiða Gylfa trommara af því að hann er svo fyndinn og myndi alltaf segja mér helling af bröndurum. Ég myndi síðan giftast Þórði af því að hann er svo góður í að hekla og gerir svo ægilega góðar marengstertur.

Hvað gerir þú þegar þú ert ekki að rokka allt í tætlur með Retro Stefson?

Að rokka allt í tætlur er náttúrulega einmitt það sem ég geri best, en þegar ég er ekki að því spila ég náttúrulega mikið á pianóíð sjálf og hef mikinn áhuga á að klára klassíska píanónámið sem ég var í. Síðan hlusta ég mikið á og þæli mikið í tónlist, mér finnst gaman að fara út á land og svo er ég bara mikið í því að „chilla“. Ég er frekar góð í því (hlær). Nýjasta áhugamálið mitt er síðan að spila fússball niðri í bæ, til dæmis á Bakkus.

Að undanfögnu hefur Retro Stefson unnið að þriðju breiðskífu sinni. Hvenær má eiga von á henni? Hvað er annars framundan hjá hljómsveitinni?

Planið er að hún komi út á menningarnótt næstkomandi og það er að sjálfsögðu tilhlökkun fyrir því en svo vorum við reyndar að gefa út 7-tommu plötu um daginn með laginu Qween á annarri hliðinni og „remixinu“ frá Hermigervli á hinni. Að öðru leyti erum við að spila helling herna heima í sumar og svo förum við út til Berlínar 12. júní þar sem við erum að fara að spila á einhverjum tónleikahátíðum, þaðan förum við til Póllands og Serbíu, síðan spilum við á Lunga á Seyðisfirði og á G! Festival í Færeyjum. Svo er á dagskrá að gefa út tónlistarmyndband í sumar og svo fylgjum við líklega plötunni eitthvað eftir í haust. Ég hlakka frekar mikið til þessa alls, maður hefur til dæmis aldrei komið til Færeyja áður.

Lag hljómsveitarinnar Qween hefur notið mikilla vinsælda frá upphafi árs.

Ég held að flestir sem hafa heyrt lagið hafi staldrað við viðlagið og hugsað: „Hvað er hann eiginlega að segja?“

Getur þú sagt mér hver textinn í viðlaginu er?

Það er svolítið fyndið að segja frá því að ég vissi sjálf ekki hver texti lagsins var fyrr fyrir svona viku. Ég söng alltaf bara eitthvað sem hljómaði eins, en vissi í raun ekkert hvað hann var að segja. Ég fékk það hins vegar staðfest um daginn að fyrri partur viðlagsins er á íslensku og þá syngur Unnsteinn: „hvín, storma, vindar, dreyma“, sem er líklega það sem vefst fyrir fólki því rest lagsins er á ensku.

Hvað ber framtíðin í skauti sér fyrir þig persónulega? Hyggur þú á nám á næstunni?

Bara ef ég vissi það. Ég þurfti að hætta í píanónámi þegar ég fór út með hljómsveitinni og ég ætla að byrja aftur í því í haust. Mig langar að fá bílpróf og ég gæti vel hugsað mér að fara í skóla bráðlega af því að það er svo langt síðan ég hef verið í námi en ég hef bara enga hugmynd um hvað mig langar að læra. Ég sótti reyndar um í Hússtjórnarskólanum fyrir næsta haust og langaði mjög að fara í hann en þurfti síðan að hætta við því námið er bara ein önn þar sem það væri brjáláð að gera, ég hef ekki tök því á þegar það er svona mikið að gera í tónlistinni. Ég gæti trúað því að ég fari í einhvern skóla eftir júl. Annars langar mig að ferðast um framandi slóðir þegar hlutirnir fara að róast hjá Retro. Ég gæti til dæmis hugsað mér að fara á Interrail eða eitthvað svoleiðis.

FRÁ LEIKSTJÓRA ALIEN OG GLADIATOR
P R O M E T H E U S

LEITIN AÐ UPPRUNA OKKAR GÆTI LEITT TIL ENDALOKANNA

KOMIN Í BÍÓ!



SENDU SMS SKEYTIÐ **ESL PRO**
Á NÚMERIÐ **1900**
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF VINNINGUM:
BÍÓMIÐAR

TÖLVULEIKIR - DVD MYNDIR - GOS OG FLEIRA!

**9. HVER
VINNUR!**
FJÖLDI
AUKAVINNINGA

**VILTU
VINNA
MIÐA?**

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

WWW.SENA.IS/PROMETHEUS



A red sun rises. Blood has been spilled this night.
Lord of the Rings: The Fellowship of the Ring (2001)

VILTU VINNA LG optimus 4X HD



SMS LEIKUR
 9. hver
 vinnur

SENDU SMS-ÍÐ
 EST LGV Á NÚMERIÐ 1900

ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR EST A. B EDA C Á NÚMERIÐ 1900.

ADALVINNINGURINN ER LG OPTIMUS 4X HD
 - ÖFLUGASTI SÍMINN Á MARKAÐINUM Í DAG!

FULLT AF AUKAVINNINGUM : DVD - TÖLVULEIKIR - GOS OG MARGT FLEIRA



*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 15. júní 2012.
 Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi.
 Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-íð.
 Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu. Leik lýkur 15. júní 2012



LEIKKONAN SÆNSKA MUNDAR
 VASALJÓÐ AF KOSTGÆFNI

FRUMSÝNINGAR HELGARINNAR

Prometheus

Ridley Scott leikstjóri Alien og Blade Runner snýr sér aftur að þeirri gerð kvikmynda sem hann átti þátt í að skilgreina. Í myndinni Prometheus skapar hann nýstárlega goðsögn þar sem lið landkönnuða uppgötvur vísbendingu um uppruna mannsins á jörðinni. Þessi uppgötvun leiðir þá í æsispennandi ferð út í myrkustu

Leikstjóri: Ridley Scott.
Aðalhlutverk: Noomi Rapace, Charlize Theron, Michael Fassbender, Guy Pearce, Patrick Wilson og Idris Elba.
Lengd: 124 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
 Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó, Egilshöll og Borgarbíó Akureyri.

afkima alheimsins þar sem þeir verða að heyrja skelfilegan bardaga til að bjarga framtíð mannkynsins. Íslensk náttúra kemur heilmikið við sögu enda kom 200 manna tókulið með leikstjóran í broddi fylkingar til Ísland í júlí í fyrra og stöðu tökurlandi á suðurlandi, meðal annars við Heklu og við Dettifoss.

f
 Monitor ætlar að gefa miða á **Prometheus**, fylgstu með ...
facebook.com/monitorbladiid

VILTU VINNA MIÐA?



ADALLEIKARARNIR KLÆDDIR Í SITT FÍNAST PÚSS, RÉTT EINS OG FYRIR AMERISKT „PROM(ETHEUS)“

Prometheus frumsýnd

Michael Fassbender, Noomi Rapace, Charlize Theron, Logan Marshall-Green og Guy Pearce aðalleikarar Prometheus, geisluðu á heimsfrumsýningu myndarinnar í London á dögunum.



Krem og úðar fyrir piercing og tattoo Hágæða piercing skart

MBA
Easypiercing®
Salsprey, sápa, sótthreinsikrem og tattoo græðandi krem

WILDCAT

HOKUS POKUS

Hattar
Búningar
Fylgihlutir
Helium blöðrur

Skoðið úrvalið á:
www.hokuspokus.is

Eða komið í verslun okkar að
Laugavegi 69 - Sími 551-7955

SVARTHÖFÐI.IS ...topp fimm

Fimm bestu forleikirnir

Nýjasta mynd **Ridley Scott, Prometheus**, er frumsýnd í vikunni og þar sem hér er um forleik að meist-araverkinu **Alien** að ræða ákvað **Svarthöfði** að splæsa í sinn fyrsta toppfimm-lista og tilnefna þar bestu framhaldsmyndirnar sem farið hafa aftur fyrir byrjunarreit og sagt forsögu myndarinnar á undan.

Hugmyndafátækt og þverrandi frumleiki hafa á seinni árum gert leiðinlega mikið vart við sig í Hollywood. Í slíkri kreppu er allt tínt til og heilu kvikmynda-bálgarnir eru endurræstir með misgöðum árangri auk þess sem nokkuð vinsælt er að gera forleiki eða forsögur mynda sem þegar hafa gert það gott. Slík ævintýri lukkast að sjálfsgöðu misvel og oftast en ekki stangast nýju forleikirnir á við myndina á undan bæði hvað varðar söguþráð og ekki síður staðreyndir innan söguheimsins. Sumir forleikirnir sleppa með skrekkin, aðrir ekki, og stundum tekst býsna vel til. Hér fyrir neðan má líta á fimm myndir sem Svarthöfði þykir standa upp úr eða að vera á pari við upprunalegu myndina.

fantagöða skemmtun og lagði áhugaverðan grunn að því sem koma skal í Planet of the Apes.



4 X-Men: First Class (2011)
4- X-Men (2000)

Leikstjórinn Matthew Vaughn tók hér við X-Men-bálgnum eftir að Brett Ratner slátr-aði X-Men: The Last Stand. X-Men, sem var hugarfóstur Bryans Singers, var góð meðan X2 (X-Men 2) var einhver besta ofurhetju-mynd síðari ára. Í stað þess að byrja á nýrri seríu líkt og Christopher Nolan gerði með Batman, þá heldur Vaughn í atburði fyrri myndanna og eru ótal atriði sem standa uppúr; Michael Fassbender sem Magneto, nasistaherbúðirnar, kafbátahasarinn, Kevin Bacon og sjötti áratugurinn. Frábær mynd í alla staði.



Þrileiknum með pompi og prakt í Revenge of the Sith. Þrátt fyrir gloppur hér og þar tókst Lucas loks að tengja þrileikina tvo saman. Sverðabardaginn í lokauppgjörinu á eldfjallaplánetunni er einhvert það flottasta í Star Wars-bálgnum og er Lucas ekki að spara dauðsföllin heldur lætur allt vaða þegar Jedi-riðdurinum er svo gott sem útrýmt.



2 Indiana Jones and the Temple of Doom (1984) - Raiders of the Lost Ark (1981)

Af þessum fimm mynda lista þá er Indiana

Jones and the Temple of Doom sá forleikur sem minnst ber á. Myndin gerist ári áður en atburðir Raiders of the Lost Ark eiga sér stað og gerir lítið sem ekkert marktækt fyrir söguþráðinn. Myndin er engu að síður forleikur og þrusugóð mynd er hún þrátt fyrir að vera töluvert dekkri en Raiders.



1 The Godfather Part II (1974)
1- The Godfather (1972)

The Godfather Part II er í fyrsta sæti en er jafnframt sú kvikmynd sem er á mörkum þess að eiga heima á listanum. Hér er á ferðinni framhald sem er jafnframt forleikur þar sem myndin er tvískipt. Áhorfendur fylgjast með ungum Vito Corleone, sem Robert De Niro leikur af stakri snilld, og syni hans, Michael Corleone, fjórum áratugum síðar. Þá afrekaði Francis Ford Coppola með The Godfather Part II að gera framhaldsmynd sem að margra mati er betri en upprunalega myndin og Svarthöfði tekur heils hugar undir það.

www.svarthofdi.is



5 Rise of the Planet of the Apes (2011)
5- Planet of the Apes (1968)

Rise of the Planet of the Apes hlýtur þann vafasama heiður að vera sá forleikur sem þurfti sist að leggjast í útskýringar á atburðarás upprunalegu myndarinnar. Þrátt fyrir það reyndist hún vera þessi líka

Offersta
TAKE AWAY TILBOÐ

Eld Smiðjan 562 3838

SÚDURLANDSBRAUT 12 | LAUGAVEGUR 81 | BRAGAGATA 38a

1 16" PIZZA með tveimur áleggjum 1895.-

2 16" PIZZA & 12" MARGARITA / HVÍTLAUKSBRÁUÐ með tveimur áleggjum 2495.-

3 16" PIZZA & 16" MARGARITA / HVÍTLAUKSBRÁUÐ af matseðli 3495.-



HVAÐ ER TÍTT?

Nafn: Gísli Örn Garðarsson.
 Á forsíðu: 24. mars 2011.
 Fyrirsögn viðtals: Þyrfti að hórast og selja mig.

Ég er búinn að skila af mér norrænu verkefni og það er mjög fínt að það sé komið í höfn. Nú er ég á leið til útlanda í nokkra daga og kem heim og sýni Rómeó og Júlíu á föstudaginn og á sunnudaginn. Svo ég er að reyna að halda mér í formi fyrir það. Ég geri samt sem minnst til að halda mér í formi. Ég hugsaði einmitt þegar ég vaknaði í morgun, stíður og stífur, að það væri nú gott að skella sér í sund og synda almennilega en svo þyrfti ég að þakka ofan í tösku og koma mér upp á flugvöll.

Ég er á leið til Noregs og Danmerkur núna til að skoða spennandi hluti í bíóbransanum en það þarf að koma í ljós síðar hvort það verði eitthvað. Annars eru allir bara eitruhressir.



LOL-MAIL MONITOR

Háttvirtur Davíð!
 Lumar þú á góðu glensí?

Kveðja af neðri hæðinni,
 Jón Ragnar Jónsson

Allir lenda í „deja vu“, líka blaðamenn. Einn þeirra, á dótturfélagi Monitors, Morgunblaðinu, fékk það verkefni að heimsækja vandað öldrunarheimili. Hann spurði virðulegan heimilsmann hvað hann segði um heimilsbraginn. Sá lét mjög vel af og allt væri eins og best væri. Eini gallinn væri sá, að sumir heimilismanna segðu sömu söguna aftur og aftur, spurðu endalaust sömu spurninganna, röfluðu láttlaust sömu vitleysuna eins og þeir hefðu ekkert lært og öllu gleymt. Blaðamaðurinn sagði að lýsingin hafi verið sláandi lík því sem hann hafði upplifað á Landsfundu Samfylkingarinnar daginn áður.

Ég skora á Guðna Ágústsson.

Davíð Oddsson

LOKAPRÓFIÐ

7. júní 2012 | MONITOR skólinn

Ég heiti ÓLI GEIR

Ef ég væri ekki Ólafur Geir Jónsson myndi ég helst vilja vera

Þú veist hver ég er af því að EG ER GAUFURINN SEM VAR SVIPTUR TITLINUM HERRA ÍSLAND. ÞEJ. ÞARNA EINN AF GAUFURUNUM SEM ER AÐ HINGUR
 Það að ég hafi verið sviptur Herra Ísland-titlinum er náttúrulega bara

a) kjaftæði og þeir sem stóðu að þessari keppni eiga að taka sér taki og hafa í huga að aðgát skal höfð í nærveru sálar.
 b) hlutur sem ég er löngu hættur að hugsa um því ég reyni að dvelja ekki í fortíðinni.

c) það besta sem gat komið fyrir mig því þá fékk ég enn meiri athygli og hef getað unnið hjá sjálfum mér síðan.

d) - það skemmti samt smá fyrir mér á gýmum sviðum en það lagast.

Besti plötusnúður í heimi er

a) ég sjálfur
 b) Tíesto
 c) David Guetta
 d) Afrojack
 e) Axwell

af því að ham bara er það!!
 Mér finnst skemmtilegast að þeyta skífum

a) á 800 Bar, blessuð sé minning hans

b) á Center í Keflavík

c) á Gamla kaupfélaginu á Akranesi

d) þáttum þessum stöðum og morgnum fleiri

af því að þar er alltaf gaman á center þar sem það er heimilismanninum og auðvitað geggjadur statur. Verð þar á

A soundcloud.com er að finna fjöldann allan af tónum þar sem ég hef blandað saman lögum frá mismunandi listamönnum. Í mestu uppáhaldi hjá mér er

a) Deniz Koyu vs. Calvin Harris

b) Alesse vs. Adele


c) Arty, Matisse & Sadko vs. Coldplay

d) þann DILL. Virkar

e) allt á þetta Fullu dansgölf en þar blanda ég saman lögum

Eiginhandarritunin mín lítur svona út:

Óli Geir



- a) Ólafur Arnalds, tónskáld
- b) Ólafur Stefánsson, handknattleiksgoðsögn
- c) Ólafur Jóhannesson, fyrrverandi landsliðsþjálfari í fótbolta
- d) Flémming Geir, sonur Georgs Bjarnfredarsonar
- e) Ólafur Ragnar Arinnsson



af því að embættið hans fer mér mjög vel... líka stóra hlúsið sem hann býr í... þarna... Bestasfalt

Ég pósta einhverju á Facebook

a) einu sinni í mánuði

b) einu sinni í viku

c) einu sinni á dag

d) 15 sinnum á dag

og þá er ég aðallega að pósta einhverju, sambandi við KEFLAVÍK MUSIC FESTIVAL

Ég hef mikið dálæti á

a) góðri tónlist - mjög mikið

b) fallegum konum - mjög mikið

c) smekklegum húðflúrum mikið

d) kraftmiklum bílum sem

e) átökum í ræktinni jajaja

f) vinnu minni - love it

en ef ég ætti að velja eitthvað eitt til að gera þar til ég dey þá myndi ég foooooo kkk... hef ekki tíma í þetta

- að eilífu.

Í dag hefst tónlistarhátíðin Keflavík Music Festival sem ég hef verið að skipuleggja og mæli ég með því að allur lati sig sig kynna sér línsap-ina inni í keflavík music festival. og neti sér í miða á miði.is. eða gallei í keflavík

Síðasta sms sem ég fékk var frá einhverjum rasshaus og í því stóð: Hey, þú ert ekki Edyrara á Keflavík Music Festival

Ef ég mætti gera Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa KEFLAVÍK MUSIC FESTIVAL 7-10 JUNE 2012 - GET YOUR TICKETS AT MIDLIS.MARKATH!!!



VEL GERT

Jón Þór Birgisson

Um leið og ég þakka Þórði fyrir hrósið þá vil ég hrósa Jóni Þór Birgissyni, eða Jónsa í Sigur Rós fyrir

frábæra tónlist. Hans persónulegu verk eru góð og auðvitað tónlistin með Sigur Rós en svo er tónlistin sem

hann semur fyrir kvikmyndir ekki síðri. Tónlist hans í We Bought a Zoo gerði myndina frábæra.

Björn Bergmann



ÉG HEF ALDREI

...verði kysst eða logið. **1**

...átt í innihaldsríkum samræðum við neinn með fituprósentu yfir 5. **2**

...horft í augun á barninu mínu. Reyndar veit ég ekkert hvar það er núna yfirhöfuð. Ég vil nota tækifærið og lýsa eftir herðabreiðu og glöðveru barni. Það er mjög líklega mitt. **3**

...fundið til samkenndar með fólki undir fertugu. **4**

...séð ósýnilegu vini mína. En ég tala reglulega við þá í gegnum útvarpið, sem er líka ósýnilegt. **5**

...skilið neitt í þessum kvóta. **6**

...drukkíð kaffi og djús sama daginn. Þetta er áráttu. Svo verð ég að borða hluti í einingum svo ég get ekki tekið bita af epli án þess að klára það en ég get borðað appelsínubát. **7**

SAGA GARDARS

SÍÐAST EN EKKI SÍST

► Björg Magnúsdóttir, verkefnisstjóri og pistlahöfundur, fílar:

KVIKMYND: Ég er svona Godfather-týpa. Bíouplifun lífs míns hingað til er samt síðasta Harry Potter-myndin, Harry Potter and the Deathly Hallows II. Á engin orð yfir þá gargandi epík. Þvílíkur tilfinningarússíbani.



endaði með rífrildi og fljúgandi bænabókum, Diljá Mist Einarsdóttir, gaf mér hana.

PLATA: Þessa dagana er ég mikið að fíla gospel og soul-músík eftir að ég sótti svertingjagospelmessu í Harlem sem er mögulega það algægjasta sem ég hef gert. Aretha Franklin er klár í bílnum með slagara eins og Spanish Harlem. Ég syng auðvitað með.



ÞÁTTUR: Borgen og bandaríski bróðirinn West Wing. Er líka að fylgjast með Game of Thrones og Revenge. Hvað er samt málið með að mamma Amöndu sé kannski á lífi eftir allt? Er ekki alveg að höndla það.

BÓK: Uppsprettan eftir Ayn Rand í íslenski þýðingu. Ekki skemmir fyrir að fyrrverandi herbergisfélagi minn í stuttri „skemmtiferó“ sem



VEFSÍÐA: Huffingtonpost.com. Þar er allt til alls auk þess sem Arianna Huffington er ákveðin fyrirmynd mín í lífinu. Er síðan yfirleitt með íslensku fréttasíðurnar opnar daglangt og auðvitað Facebook.

VELKOMIN Á BIFRÖST

Opið fyrir umsóknir



Háskólasamfélagið á Bifröst er einstakt samfélag sem sameinar vandað nám og frábært umhverfi fyrir börn og fullorðna. Við leggjum áherslu á að undirbúa nemendur fyrir atvinnulífið með markvissri kennslu, símati og raunhæfum verkefnum.

Markmið okkar er að veita nám sem nýtist.

Frumgreinanám

- Frumgreinanám í fjar- og staðnámi



Grunnnám

- HHS: Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði, í fjar- og staðnámi
- Viðskiptafræði, alhliða viðskiptanám, í fjar- og staðnámi
- Viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti, í fjarnámi
- Viðskiptalögfræði, laganám með tengingu við rekstur, í staðnámi

Meistaránám

- MA í menningarstjórnun
- MA í menningarfræðum
- ML í lögfræði
- MS í alþjóðaviðskiptum

Opið fyrir umsóknir til 15. júní á bifrost.is



TYGGÐU EXTRA

EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.